

Viðauki við þjónustusamning um kennslu framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntaskóla Borgarfjarðar

1. gr.

Gildistími, sbr. gr. 9.1., í þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Menntaskóla Borgarfjarðar, kt. 530606-0900, dags. 23.01.2013 framlengist til 31.12.2021.

2. gr.

Vegna lagabreytinga er eftirfarandi samningsákvæðum breytt þannig:

- Í gr. 1.1. er framvegis átt við 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 1.5. í fyrsta tölulið er framvegis átt við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 1.5. í þriðja tölulið er framvegis átt við lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
- Í gr. 1.5. í fjórða tölulið er framvegis átt við upplýsingalög nr. 140/2012.
- Í gr. 1.5. í sjötta tölulið er framvegis átt við lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
- Í gr. 1.5. í sjöunda tölulið er framvegis átt við samkeppnislög nr. 44/2005.
- Í gr. 1.5. í níunda tölulið er framvegis átt við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.
- gr. 5.1. fellur út í heild og í staðinn kemur eftirfarandi: Rekstrarframlag ríkisins til skólans á grundvelli samning þessa er sett fram á grundvelli fjárheimilda sem Alþingi ákvarðar í fjárlögum hvers árs sbr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og 14. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- gr. 5.2. fellur út í heild og í staðinn kemur eftirfarandi: Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og í málaflokkum, hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast um sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingum til verkefnisins skulu aðilar taka upp viðræður um að aðlaga rekstur verkefnisins að breyttri fjárveitingu.
- Í gr. 5.6. er framvegis átt við 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 5.11.2 er framvegis átt við 54. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 7.6. er framvegis átt við 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Reykjavík, 11. janúar 2020


f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


f.h. Menntaskóla Borgarfjarðar


MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR
SKÓLAMEISTARI